

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2022, miðvikudaginn 27. apríl kl. 9:03, var haldinn 135. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Pawel Bartoszek, Ragna Sigurðardóttir, Sara Björg Sigurðardóttir, Jórunn Pála Jónasdóttir og áheyrnarfulltrúarnir Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til 1. máls. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. máls. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Alexandra Briem, Marta Guðjónsdóttir og áheyrnarfulltrúinn Anna Maria Wojtynska. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir og Jóhanna Guðjónsdóttir. Eftirtaldir starfsmenn tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir og Inga Rún Sigurðardóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

Þetta gerðist:

(D) Ýmis mál

1. Kosning í skipulags- og samgönguráð, Mál nr. US200285
MSS22020042

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 11. apríl 2021, þar sem tilkynnt er að Jórunn Pála Jónasdóttir taki sæti í skipulags- og samgönguráði í stað Katrínar Atladóttur.

(A) Skipulagsmál

2. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Mál nr. SN010070
Reykjavíkur, fundargerð

Lagðar fram fundargerðir embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. og 22. apríl 2022.

- Kl. 9:06 tekur Eypór Laxdal Arnalds sæti á fundinum.
- Kl. 9:08 tekur Alexandra Briem sæti á staðfundi í stað fjarfundar.

3. Rauðhólar, nýtt deiliskipulag Mál nr. SN200198

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa dags. 22. mars 2021, br. 20. apríl 2022, ásamt greinargerð dags. 22. mars 2021, br. 20. apríl 2022, að deiliskipulagi fyrir Rauðhóla. Um er að ræða Rauðhóla sem hafa verið friðlýstir sem fólkvangur síðan 1974, ásamt aðliggjandi svæði í kringum Heiðmerkurveg yfir brúna að Helluvatni. Í tillögunni eru aðalleiðir gangandi og ríðandi um svæðið festar inn á skipulagsáætlun. Er það gert til að auka upplifun ólíkra útivistarhópa í sátt við náttúruna, auk þess sem náttúru- og útivistarstígar eru skilgreindir á uppdrætti. Enn fremur er nýtt bílastæðahólf skilgreint sem jafnframt er þá upphafsstaður fyrir aðkomu inn í Rauðhólana fyrir þá sem koma akandi að svæðinu. Búið er að kortleggja helstu jarðminjar og vistgerðir auk fornleifapunkta. Einnig er lögð fram skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. í nóvember 2020 og fornleifaskráning Borgarsögusafns Reykjavíkur, skýrsla nr. 217. Tillagan var auglýst frá 4. júní 2021 til og með 16. júlí 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsagnir: Skipulagsstofnun dags. 6. júlí 2021, Sveinbjörn Guðjohnsen dags. 7. júlí 2021, Dagný Bjarnadóttir f.h. Fáks dags. 7. júlí 2021, Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 15. júlí 2021, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 15. júlí 2021, Umhverfisstofnun dags. 16. júlí 2021, Minjastofnun Íslands dags. 9. ágúst og 15. september 2021. Þá er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. apríl 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem koma fram í umsögninni.

Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. apríl 2022.
Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Búið er að skemma flesta Rauðhóla. Heilu hólunum var mokað í burtu á sínum tíma, grafið í aðra og þeir skemmdir og nú stendur eftir alls konar form af „hólum“, allt skemmdir af mannanna völdum. Skemmdir vegna efnistöku eru skerandi og ættu að minna alla á að ganga vel um náttúruna. Helsta markmiðið ætti að vera núna að þeim hólum sem ekki hefur þegar verið spiltt verði algjörlega látnir óáreittir. Þess vegna er gott að beina fólki ekki akkúrat að þeim hólum.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

4. Kjalarnes, Prestshús, Mál nr. SN210265
nýtt deiliskipulag

Lögð fram umsókn Plúsarkitekta ehf. dags. 6. apríl 2021 um nýtt deiliskipulag fyrir Prestshús að Kjalarnesi. Í tillögunni felst uppbygging Presthúsa til fastrar búsetu, samhliða því að byggja upp dvalar- og vinnuaðstöðu fyrir listafólk og áhugafólk um listir og náttúru. Byggð verða upp innan jarðarinnar íbúðarhús, vinnustofur og gestahús ásamt fjölnota sal á svæðinu. Staðsettur verður aðkomuvegur, gönguleiðir byggingarreitur og settir skilmálar fyrir uppbyggingu innan fyrirhugaðs svæðis í samræmi við lög og reglur þar að lútandi, samkvæmt uppdr. Eflu dags. 4. apríl 2022. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

Skipulags- og samgönguráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Að mati skipulags- og samgönguráðs væri eftirsóknarvert að klára samkomulag um stígagerð á svæðinu samhliða gerð deiliskipulags.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

5. Krókháls, GR reitur G1, breyting á Mál nr. SN210583
deiliskipulagi

Að lokinni auglýsingu er lögð er fram að nýju tillaga KRADS arkitekta f.h. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 28. október 2021, br. 11. apríl 2022, að breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarlæk - Stekkjarmóa - Djúpadal. Um er að ræða nýja lóð þar sem er gert ráð fyrir tveimur skrifstofubyggingum sem grafa sig inn í hæðina að hluta til að falla betur inn í umhverfið og halda hæð og ásýnd bygginga lægri út að golfvallarsvæði GR. Hæðarmunur á lóð er nýttur til að koma fyrir bílakjallara undir byggingunum og skýla útivistarsvæði GR frá bílastæðasvæði. Tillagan var auglýst frá 1. desember 2021 til og með 12. janúar 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir/ábendingar: Kristjana Bjarnþórsdóttir hjá bílaumboði Öskju f.h. Krókháls 11 ehf. og Krókháls 13 ehf. dags. 3. janúar 2022, Bílabúð Benna dags. 6. janúar 2022, Þór hf. dags. 10. janúar 2022, Gísli Guðni Hall f.h. stjórnar GR dags. 11. janúar 2022, Yngvi Óttarsson dags. 11. janúar 2022, Jón Karl Sigurðsson dags. 11. janúar 2022, Védís Húnbogadóttir og Snorri

Bergmann dags. 11. janúar 2022, Óskar Garðarsson dags. 12. janúar 2022, Gísli Óttarsson f.h. 8 aðila dags. 11. janúar 2022, Óttar Yngvason f.h. 12 félagsmanna í Golfklúbbi Reykjavíkur dags. 12. janúar 2022. Einnig er lögð fram umsögn Veitna ohf. dags. 12. janúar 2022. Þá er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. apríl 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem koma fram í umsögninni.

Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. apríl 2022. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.
Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

6. Eggertsgata, stúdentagarðar, breyting á deiliskipulag Mál nr. SN220107

Lögð fram umsókn Félagsstofnunar stúdenta dags. 18. febrúar 2022 um nýtt deiliskipulag fyrir stúdentagarða að Eggertsgötu. Svæðið afmarkast af Suðurgötu til vesturs, Eggertsgötu til norðurs og byggð og opnu svæði til austurs og suðurs. Megin aðkoma að svæðinu er frá Eggertsgötu en einnig frá Suðurgötu. Nýtt deiliskipulag gerir ráð fyrir nýrri viðbyggingu við leikskóla, þjónustu- og félagshúsi ásamt stækkun á hverfisverslun, samkvæmt greinargerð Arkþings/Nordic ehf. dags. 18. febrúar 2022 og deiliskipulags- og skýringaruppd. Arkþing/Nordic ehf. ódags. Einnig er lögð fram fornleifaskrá og húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur, skýrsla nr. 220. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

Hrafnhildur Sverrisdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

7. Leirulækur 4 og 6, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN220136

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Dalbrautarreits vegna lóðanna nr. 4 og 6 við Leirulæk. Í breytingunni felst að lóð Leirulækjar 6 er stækkuð til vesturs að göngustíg ásamt því að lega stígs breytist, byggingarreitir fyrir útiskýli eru skilgreindir á lóð og nýtingarhlutfall verður 0,26, samkvæmt uppd. Kanon arkitekta ehf. dags. 25. apríl 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt án grenndarkynningar þar sem hún varðar ekki hagsmuni annarra en lóðarhafa og sveitarfélagsins.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

Sólveig Sigurðardóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

8. Borgartún 8-16A, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN220121

Lögð fram umsókn Pálmars Kristmundssonar, dags. 23. febrúar 2022, varðandi breytingu á deiliskipulagi Höfðatorgs, með síðari breytingum, vegna lóðarinnar nr. 8-16A við Borgartún. Í breytingunni felst að gerðir eru byggingarreitir fyrir

minniháttar mannvirki sem rísa upp úr yfirborði kjallara. Innan þeirra er hægt að byggja minniháttar mannvirki svo sem útloftunnar stokka og lyftu- og stigahús, samkvæmt uppdr. PK Arkitekta ehf. dags. 23. febrúar 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt tölvupóstum skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 8. mars 2022 og skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 14. mars 2022 þar sem ekki eru gerðar athugasendir við breytinguna. Einnig er lagt fram samþykki meðlóðarhafa mótt. 30. mars 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt án grenndarkynningar þar sem hún varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og sveitarfélagsins.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. Starmýri 2, breyting á deiliskipulagi

Mál nr. SN210700

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Pálmars Kristmundssonar dags. 12. október 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Safamýrar- Álftamýrar vegna lóðarinnar nr. 2 (hús nr. 2A) við Starmýri. Í breytingunni felst að bætt er við byggingareit fyrir 4. hæð sem nemur um helmingi þakflatar, á suðurhluta byggingareits, og er heimilt byggingarmagn 4. hæðar 350 m² brúttó. Heimilt er að auka íbúðafjölda á Starmýri 2A um 2 íbúðir og hámarksfjöldi íbúða á lóðinni verður 25. Tveimur íbúðum á 4. hæð fylgja þegar byggðir bílskúrar í kjallara og bílastæði framan við hvorn þeirra, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdráttum PK Arkitekta ehf., dags. 16. nóvember 2021. Tillagan var auglýst frá 9. febrúar 2022 til og með 23. mars 2022. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sigríður Ström, dags. 8. mars 2022, Sif Cortes, dags. 22. mars 2022, Ragnheiður Bragadóttir f.h. íbúa í Starmýri 6, dags. 22. mars 2022 og Erla Hafrún Guðjónsdóttir, dags. 23. mars 2022. Að loknum athugasemdafresti barst athugasemd frá Helgu Björnsdóttur f.h. eigenda og íbúa Starmýri 4, dags. 26. mars 2022, mótt. 28. mars 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 1. apríl 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem koma fram í umsögninni.

Samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum fulltrúa Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. apríl 2022. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkvæði gegn tillögunni.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er skoðun fulltrúa Sjálfstæðisflokks að gæta verði hófs í þéttingu í grónum hverfum og hafa gott samráð við íbúa. Hér er lagt til að gera breytingu á deiliskipulagi sem myndi veita heimild til þess að bæta við fjórðu hæð ofan á helming þakflatar þriggja hæða fjölbýlishúss sem nú er í byggingu. Í fylgiskjöllum með tillögunni kemur fram að byggingu hússins sjálfs eftir upphaflegum teikningum hafi verið mótmælt af flestum íbúum í götunni fyrir tveimur árum. Nú er enn bætt við byggingamagni. Athugasemdirnar sýna jafnframt að það er upplifun einhverra íbúa í nærliggjandi íbúðum að standa hefði mátt betur að samráði vegna breytingatillögunnar sem er hér afgreidd og að þau hafi áhyggjur af atriðum eins og skuggavarpi og bílastæðamálum. Íbúar fengu ekki send bréf um tillöguna að deiliskipulagsbreytingunni heldur húsfélög.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

(B) Byggingarmál

10. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Lagðar fram fundargerðir afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1158 og 1159 frá 5. apríl og 12. apríl 2022.

(C) Ýmis mál

11. Húsverndarsjóður Reykjavíkur 2022, Mál nr. US220001
úthlutun styrkja 2022

Lagt fram í trúnaðarmálabók skipulags- og samgönguráðs tillaga umhverfis- og skipulagsviðs, dags. 11. apríl 2022 að úthlutun styrkja úr Húsverndarsjóði árið 2022. Trúnaði verður aflétt að úthlutun lokinni.

Samþykkt.
Vísað til borgarráðs.

Sólveig Sigurðardóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

12. Starfshópur um varanlegan regnboga, Mál nr. US220096
drög að erindisbréfi

Lögð fram drög, ódags., að erindisbréfi um starfshóp um varanlegan regnboga á áberandi stað í miðborg Reykjavíkur.

Samþykkt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Skipulags- og samgönguráð samþykkti þann 3. júlí 2019 að regnboginn á Skólavörðustíg fengi varanlegt heimili þar. Þann fjórða júní 2019 samþykkti borgarstjórn samhljóða að festa regnbogann varanlega. Í hugum margra tengist regnboginn við Skólavörðustíg í dag. Það vekur því undrun að verið sé að hrófla við þessu fyrirkomulagi sem hefur átt breiðan stuðning og fara með regnbogann á flakk eða flytja hann á ótilgreindan stað. Vonandi næst sátt og niðurstaða um að hrófla ekki við varanlegu heimili regnbogans á Skólavörðustíg.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Verið er að leita að staðsetningu fyrir regnbogann, aftur. Hér er greinilega um stór pólitískt mál að ræða? Borgarfulltrúi hefur ekkert á móti slíku ferli og því síður regnbogahugmyndinni en finnst þetta ekki vera einkamál umhverfis- og skipulagssviðs eða skipulags- og samgönguráðs. Þetta er sameiginlegt málefni borgarbúa og ekki er rétt að ráð og svið borgarinnar liggi á svona ákvörðun eins og ormur á gulli og telji þetta sitt einkamál. Flokkur fólksins mælist til þess að meirihlutinn tali almennt séð meira við borgarbúa og leyfi þeim að taka þátt í framkvæmdum og ákvörðunum sem og hinum ýmsu skreytingum í borginni. Þetta ferli hefði átt að vera opnara. Spyrja á fólkið hvað því finnst og ekki síst þá sem búa við þær götur sem koma til álita.

Umræða að beiðni áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Gerð hafa verið stór mistök. Einkavegur var gerður fyrir 1 aðila sem er nú staðfest með gögnum að hafi ruglað alla hæðarsetningu í Gufunesi. Gögnum hefur verið haldið frá aðstandendum og reynt að þagga málið í þrjú ár. Ekki hefur einu sinni verið fylgt lögbundnu samráðsferli. Svo virðist sem Reykjavíkurborg hafi ekki útfært í deiliskipulagi það sem þó ber að gera skv. skipulagsreglugerð, afstöðu gatna og jarðvegs við gólfhæð 1. hæðar húsa, hæð landslags á lóðum. Þetta er ákveðið og gert án vitundar og athugasemda- og ábendingarmöguleika almennings eftir því sem Flokkur fólksins kemst næst. Haldinn var loks fundur 25. apríl þar sem boðið var lækkun á götu og seinkun á gjalddögum. Þetta er slakt tilboð eftir allt sem á undan er gengið. Tafir hafa verið miklar og skemmdir á starfsemi í rúm 3. ár. Eftir því sem næst er komist er búið að framkvæma alla gatnagerð þarna á rangan hátt og með því mögulega brjóta á aðstandendum Loftkastalans stjórnsýslulagabrot, eignarréttarbrott og hegningarlaga brott. Af hverju var ekki fenginn óháður aðili til að mæla? Fulltrúi Flokks fólksins ítrekar að lenda þarf þessu máli og það fyrir kosningar. Málinu hefur verið vísað til innri endurskoðunar sem hefur nú hlutverk „umboðsmanns borgarbúa.

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 15. mars 2022, ásamt kæru, dags. 11. mars 2022, þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa í Reykjavík frá 8. mars 2022 og athafnaleysi byggingarfulltrúa sem felst í sömu ákvörðun varðandi umsókn eiganda íbúðar í húsinu Túngötu 36A. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 19. apríl 2022.

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 31. mars 2022, vegna samþykktar borgarráðs s.d. á nýju deiliskipulagi fyrir Hagaskóla að Fornhaga 1.

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 31. mars 2022, vegna staðfestingu borgarráðs s.d. á synjun skipulags- og samgönguráðs frá 23. mars 2022 á breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 13-15 við Fossháls.

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 11. apríl 2022, vegna samþykktar borgarstjórnar frá 5. apríl 2022 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga nýja Skerjafjarðar.

Lögð fram svohljóðandi tillaga skipulags- og samgönguráðs:

Lagt er til að torgið á norðausturhorni Túngötu og Garðastrætis fái heitið „Kænugarður“ og undirheiti þess verði „Kýiv-torg“. Ensk þýðing torgsins verði "Kyiv-square" og sambærileg þýðing verði notuð á öðrum tungumálum.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

Skipulags- og samgönguráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Umhverfis og skipulagssviði er falið að hefja undirbúning að gerð skiltis fyrir torgið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hér er um mál að ræða sem sjálfsagt er að styðja. Bein og óbein tengsl við borgina Kænugarð hafa verið í um 1200 ár. Og nú viljum við styðja fólkið í Úkraínu.

- Kl. 11:20 vikur Eypór Laxdal Arnalds af fundi.
- Kl. 11:20 tekur Þórdís Pálsdóttir sæti á fundinum.

19. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks Mál nr. US190262
fólksins, vegna landsvæðis á
Hólmsheiði

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 22. apríl 2022.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fyrirspurnin er frá ágúst 2019 og nú er loks að koma svar. Spurt var „Hvaða framtíðar hugmyndir eru hjá Reykjavíkurborg um landsvæðið á Hólmsheiði?“ Í svari segir að gert sé ráð fyrir því að Hólmsheiði verði að megninu til útivistarsvæði Reykvíkinga en svæðið hefur þjónað fjölbreyttum hópi útivistar iðkenda um árabil. Fulltrúi Flokks fólksins telur að öll svæði sem ekki er byggt á séu nú eins konar útivistarsvæði. Svo það eru engin stórtíðindi. Var þetta svæði annars gert að útivistarsvæði með formlegum hætti? Um tíma var rætt um að þarna kæmi flugvöllur. Þarna gæti komið allt mögulegt ef því er að skipa t.d. íbúðabyggð, hverfi með tilheyrandi atvinnutækifærum? Ætti ekki að ræða þetta við borgarbúa?

20. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks, Mál nr. US190355
vegna framkvæmda við
Bústaðaveg, umsögn

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 22. apríl 2022.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram eftirfarandi fyrirspurn 2021, um brú yfir Bústaðaveg/Kringlumýrarbraut: Verið er að gera breytingar á aksturs-, hjóla og gönguleiðum við Kringlumýrarbraut/ Bústaðaveg m.a. er verið að lengja rampa, gera göngustíga, hjólastíga við hlið akreinar. Verkið skal að fullu lokið 1. október 2021. Áætlaður verktakakostnaður er

91.000.000. Vakin hafði verið athygli fulltrúa Flokks fólksins á þessum tíma að þarna stefndi í þrengsli, að jafnvel að óeðlilega þröngt verði milli bíla og hjóla. Spurt var um hvort lögum og reglugerðum sem og stöðlum hafi verið fylgt þegar framkvæmdin var skipulögð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar. Þar var málinu frestað. Aldrei kom svar við þessari fyrirspurn en núna, þremur árum seinna er verið að svara Sjálfstæðisflokknum með sambærilega fyrirspurn. Og þá er viðurkennt að þarna hafi verið gerð mistök, enn eitt embættismanna klúðrið.

21. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um hæð byggingar á Ægissíðu Mál nr. US220021

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 22. apríl 2022.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Spurt var um hvort skipulagsyfirvöld telji að allt að 5 hæða fjölbýli í lágstemmdari byggð Ægissíðu falli undir samningsmarkmið Reykjavíkurborgar sem samþykkt hafa verið af borgarstjóra en í þeim er lögð áhersla á gæði og gott umhverfi og varðveita staðaranda og yfirbragð byggðar. Í svari segir að málið sé allt í óvissu, svar sem segir ekkert. Kannski verður sett þarna stór hús og mun lóðarhafi þá græða vel.

22. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um aðstæður hjólandi vegfarenda í Úlfarsárdal, umsögn - USK21120066 Mál nr. US210289

Lögð fram umsögn skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 31. mars 2022.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins spurði um aðstæður hjólandi vegfarenda í Úlfarsárdal þar sem eru tröppur á göngustígum. Þarna fer fólk einnig um með barnakerrur. Víða eru tröppur og hafa börn sem hjóla í skólann þurft að bera hjól sín upp og niður tröppurnar. Auk þess sem hjólastígar eru víða með krappar beygjur. Fulltrúi Flokks fólksins kallaði eftir endurskoðun á þessu en fékk þau viðbrögð að þetta væri í lagi við Urðarbrunn. Gerð var önnur tilraun til að ná til skipulagsyfirvalda með því að senda mynd að börnum sem reyna að redda sér með því að hjóla á grasbakka með fram göngustígum. Í svari segir að svona verði þetta bara að vera þar sem lagning stígs samhliða tröppum í miklum halla tryggir ekki nægt öryggi vegfarenda um stíginn. Segir að aðrar leiðir séu færar um hverfið þar sem minni halli er til staðar. Gott og vel en það er alþekkt að flestir vilja fara sem stysta leið frá einum stað til annars. Vanda þarf til þeirra leiða, svo sem að hafa tröppur þannig að hægt sé að fara um þær með margs konar kerrur og hjól. Með vettvangsskoðun má sjá hvað bjátar á.

23. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um viðgerð á göngustíg Mál nr. US220088

Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem lögð var fram á fundi skipulags- og samgönguráðs 6. apríl sl.:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að farið verði í viðgerð á göngustíg sem liggur í gegnum Fellin frá Rjúpufelli að Yrsufelli. Fulltrúi Flokks fólksins hefur fengið ábendingar um að þarna þarf viðhald og almenna hreinsun. Reynt hefur verið að vekja athygli borgarinnar á þessu en ekki tekist. Um er að ræða stíg sem liggur í gegnum eitt þéttbyggðasta svæði í Reykjavík. Það nota mjög margir þennan göngustíg og þarfnast hann viðgerðar og hreinsunar þegar sú tíðin er. Oft hefur verið glerbrot á stígnum, rusl og lauf á haustin. Líklegt þykir að þessi stígur hafi hreinlega gleymst hjá borginni því enginn kemur og sópar hann hvað þá lagfærir hann.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu reksturs- og umhirðu.

24. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Mál nr. US220089
Sósíalístaflokks Íslands, um
Klappkort

Lögð fram að nýju svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands sem lögð var fram á fundi skipulags- og samgönguráðs 6. apríl sl.:

Hvernig geta einstaklingar sem eiga ekki snjallsíma eða nettengda tölvu nálgast upplýsingar um stöðu á Klappkorti sínu sem notað er í strætó? Hér er t.d. átt við 10 miða spjald. Strætófarþegar með slíkt þurfa að reiða sig á minnið til að muna hversu mörg skipti eru eftir á kortinu þar sem það er einungis sýnilegt á skjá sem er aðgengilegur þeim í strætó.

Vísað til umsagnar Strætó bs.

25. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Mál nr. US220090
Sósíalístaflokks Íslands, um
leiðarkerfisbreytingu strætó

Lögð fram að nýju svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands sem lögð var fram á fundi skipulags- og samgönguráðs 6. apríl sl.:

Það vantar strætó sem fer í gegnum Hringbraut alla leið að Granda. Væri mögulegt að láta leið 3 fara frá Háskóla Íslands til Granda, í gegnum Hringbraut en ekki gegnum Lækjartorg eins og er núna í tillögu?

Vísað til umsagnar Strætó bs.

26. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram Mál nr. US220100
svohljóðandi tillögu, um
snjallgangbrautir

Lagt er til að í samráði við íbúa farið verði í stóráttak í öryggi gangandi í Norðlingaholti. Lagt er til að þar sem þörfin er mest verði lagðar snjallgangbrautir.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Frestað.

27. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur Mál nr. US220101
fram svohljóðandi fyrirspurn, um brú
yfir Bústaðaveg/Kringlumýrarbraut

Aðdragandinn er sá að gerðar voru breytingar á aksturs-, hjóla og gönguleiðum við Kringlumýrarbraut/ Bústaðaveg m.a. er verið að lengja rampa, gera göngustíga, hjólastíga við hlið akreinar. Verkinu átti að ljúka

1. október 2021. Áætlaður verktakakostnaður var 91.000.000. Vakin hafði verið athygli fulltrúa Flokks fólksins á þessum tíma að þarna stefndi í þrengsli, að jafnvel að óeðlilega þröngt verði milli bíla og hjóla og lagði fulltrúi Flokks fólksins fram fyrirspurn um málið í fyrra. Nú er svo komið að búið er að viðurkenna að þarna hafi verið gerð mistök. Spurt er um hvað kostuðu þessi mistök og á hvers ábyrgð eru þessi mistök?

Frestað.

28. Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram
svohljóðandi fyrirspurn, um veg í
Gufunesi

Mál nr. US220102

Óskað er eftir tæmandi talið öllum upplýsingum sem snúa að vegi í Gufunesi sem lagður var norðan megin við hús Loftkastalans.

1. Hvers vegna var vegurinn lagður í upphafi?
2. Hvers vegna var vegurinn fjarlægður?
3. Hvar var kostnaður Reykjavíkur í þessari vegalagningu?
4. Hvar var kostnaður veitna?
5. Hver var hæðarpunktamælingin á veginum?
6. Var hann fjarlægður vegna þess að lækka þurfti hæðarmælingar í hverfinu?

Frestað.

**Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið kl. 11:32**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Pawel Bartoszek

Alexandra Briem
Sara Björg Sigurðardóttir
Marta Guðjónsdóttir

Ragna Sigurðardóttir
Þórdís Pálsdóttir
Jórunn Pála Jónasdóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2022, þriðjudaginn 5. apríl kl. 10:05 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1158. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags-og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Vífill Björnsson, Harri Ormarsson, Nikulás Úlfar Másson, Jón Hafberg Björnsson, Guðrún Ósk Hrólfsdóttir og Edda Þórsdóttir Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Asparfell 2-12 (46.810.01) 112291 Mál nr. BN060775
670575-0479 Asparfell 2-12, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að setja niður þrjú djúpgámasett með fimm gámum hvert, fyrir stigaganga í húsi 2-12 við Asparfell.
Djúpgámur nr. 1 er fyrir Asparfell 2-4: mhl. 10, 9,9 ferm., 28,9 rúmm.
Djúpgámur nr. 2 er fyrir Asparfell 6-8: mhl. 11, 9,9 ferm., 28,9 rúmm.
Djúpgámur nr. 3 er fyrir Asparfell 10-12: mhl. 12, 9,9 ferm., 28,9 rúmm.
Samtals: 29,7 ferm., 86,7 rúmm.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
2. Ármúli 38 (12.951.01) 103833 Mál nr. BN060263
650417-1780 JIG Málun ehf., Ármúla 38, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta notkun rýmis 0302, matshluta 02, úr skrifstofu í íbúð í húsi á lóð nr. 38 við Ármúla.
Stærð: óbreytt.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 5. janúar 2021, yfirlit breytinga og bréf hönnuðar dags. 23. nóvember 2021.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. apríl 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. apríl 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 4. apríl 2022.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 1. apríl 2022.
3. Ásvegur 11 (13.531.21) 104239 Mál nr. BN060482
Auður Jóna Erlingsdóttir, Hamrabýggð 16, 220 Hafnarfjörður
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054381 með því að breyta innra skipulagi á 2. hæð og breyta gluggapóstum á tvíbýlishúsi á lóð nr. 11 við Ásveg.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. febrúar 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. febrúar 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2022.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
4. Bauganes 1A (16.720.16) 106804 Mál nr. BN060785

Ólöf Víktorsdóttir, Bandaríkin, Einar Sævarsson, Bandaríkin, Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN057395 vegna lokaúttektar þannig að innréttað hefur verið alrými með eldhúsi þar sem áður var svefnherbergi í norðvestur hluta viðbyggingar við einbýlishús á lóð nr. 1A við Bauganes.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á A3 afriti af aðaluppdrætti samþykktum 7. apríl 2020. Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

5. Bíldshöfði 18 (40.650.02) 110672 Mál nr. BN060693

500709-0140 Kjötkompaní ehf., Dalshrauni 13, 220 Hafnarfjörður

Sótt er um leyfi til að breyta starfsemi rýmis mhl. 03 og innrétta kjötverslun og bakarí auk þess að gera flóttaleið og setja útsogsrör á suðurhlíð húss á lóð nr. 18 við Bílshöfða.

Erindi fylgir samþykki tveggja þriðjuhluta eigenda dags. 28. mars. 2022 og greinagerð brunahönnuðar dags. 7. mars. 2022.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

6. Bjargargata 1 (16.313.05) 220421 Mál nr. BN060790

680515-1580 Gróska ehf., Bjargargötu 1, 102

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051881 þannig að innra skipulagi er breytt í norðausturhluta 2. hæðar Grósku á lóð nr. 1 við Bjargarstíg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og brunahönnun frá Öruggeri dags. 31. mars 2022.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

7. Borgartún 8-16A (12.201.07) 199350 Mál nr. BN060800

450613-2580 Ípaka fasteignir ehf., Lynghálsi 4, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059445 þannig að opnun hurða og flóttaleiðum hefur verið breytt á nokkrum stöðum í rými 0105 sem er leikskóli í Bríetartúni 9-11 á lóð nr. 8-16A við Borgartún.

Erindi fylgir minnisblað hönnuðar um breytingar dags. 29. mars 2022.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

8. Bólstaðarhlíð 30 (12.740.05) 103632 Mál nr. BN060714

Embla Hallfríðardóttir, Bólstaðarhlíð 30, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta notkun bílskúrs 0102, mhl.02, í vinnustofu, á lóð nr. 30 við Bólstaðarhlíð

Erindi fylgir samþykki meðeigenda frá húsfundi dags. 15. júní 2021.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

9. Brautarholt 6 (12.412.04) 103022 Mál nr. BN060766

540269-6459 Ríkissjóður Íslands, Vegmúla 3, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti, innrétta 6 íbúðir á 2. hæð, innrétta geymslur í austurhluta 1. hæðar, breyta gluggum á báðum hliðum, gera svalir á götuhlið og gera flatt þak á bakhús og gera þar svalir og aðkomu fyrir íbúðir á 2. hæð húss á lóð nr. 6 við Brautarholt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Uppfærðum teikningum vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

10. Bæjarflöt 1-3 (25.760.01) 172493 Mál nr.
BN060369

580607-0390 Bæjarflöt ehf., Stigahlíð 45, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN032346 vegna lokaúttektar þannig að á 1. hæð er útgangshurð á suðurhlið fjarlægð og bætt við snyrtingu í austurenda, á 2. hæð eru gerðar breytingar á aðstöðu starfsmanna og komið fyrir fallvörn á geymslulofti 0104 í húsi á lóð nr. 1-3 við Bæjarflöt.

Stærð: Óbreytt.

Gjald kr.12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

11. Drómundarvogur 2A (14.514.02) 225675 Mál nr.
BN060797

501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060130 þannig að gólfkóti fer úr 14,30 í 14,10 í dreifistöð á lóð nr. 2A við Drómundarvog.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

12. Dugguvogur 4 (14.522.01) 105608 Mál nr.
BN060761

470717-0330 Dugguvogur 4 ehf., Dugguvogi 4, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að innrétta líkamsræktarstöð í húsi á lóð nr. 4 við Dugguvog.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

13. Elliðabraut 4 (47.723.01) 195949 Mál nr.
BN060789

671106-0750 Þingvangur ehf., Smiðsbúð 7, 210 Garðabær

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054252 og gerð grein fyrir breytingum sem orðið hafa á byggingartíma fjölbýlishúss á lóð nr. 4 við Elliðabraut.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

14. Faxafen 14 (14.662.01) 195611 Mál nr.
BN059944

710815-2670 Theo fasteignafélag ehf., Reykási 16, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til skipta rými 0101 í tvö rými og innrétta nýtt rými 0110 til reksturs hárgreiðslustofu fyrir alls 30 manns og koma fyrir kaffistofu og snyrtingu á 1. hæð í verslunar- og þjónustuhúsi á lóð nr. 14 við Faxafen.

Gjald kr.12.100

Frestað.

Lagfæra skráningu.

15. Frakkastígur 24 (11.823.11) 101908 Mál nr.
BN060777
- Margrét Þorsteinsdóttir, Frakkastígur 24, 101 Reykjavík
Guðgeir Svavarsson, Brekkufliöt 8, 300 Akranes
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN0478016 þannig að gerð er grein fyrir opnun yfir í sólstofu á 1. hæð og geymslu undir svölum í einbýlishúsi á lóð nr. 24A við Frakkastíg.
Stækkun: 12,1 ferm., 21,3 rúmm.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
16. Goðheimar 23 (14.324.01) 105257 Mál nr.
BN060734
- Lilja Ragnarsdóttir, Lautarvegur 8, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir sérafnotaðflöt fyrir íbúð 0001 vegna eignaskiptasamings fyrir hús á lóð nr. 23 við Goðheima.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 25. október 2021.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
17. Grettisgata 5 (11.715.06) 101422 Mál nr.
BN059771
- 420498-3229 Hótel Frón ehf., Laugavegi 22a, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi íbúðar 0202, þannig að þar verða tvær íbúðir, í húsi á lóð nr. 5 við Grettisgötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. janúar 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. janúar 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 10. janúar 2022.
Húsaskoðun dags. 14. mars 2022 fylgir.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda á A 3 teikningum ódags.
Bréf frá hönnuði dags. 03. febrúar 2022 fylgir.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Lagfæra skráningu.
18. Grettisgata 53B (11.742.27) 101630 Mál nr.
BN060712
- 700609-0650 Aurora ehf, Langholtsvegi 88, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta skráningu í gististað í flokki II með fimm íbúðum fyrir 16 gesti í fjölbýlishúsi á lóð nr. 53B við Grettisgötu.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
19. Gufunes - skemmtigarður (22.---.86) 108942 Mál nr.
BN060355
- 650602-4470 Skemmtigarðurinn ehf., Engihjalla 8, 200 Kópavogur
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum og uppbyggingu síðustu ára sem einkennist af samkomutjaldi, þjónustumiðstöð, afgreiðslu, gistihús, roþpróa og uppsetning leiktækja til afþreyingar, jafnframt er sótt um veitingaleyfi í flokki II, tegund f. fyrir mhl.12 fyrir 30 gesti í afgreiðslu og 40 gestum á palli ásamt 150 gesetum í mhl. nr.10, byggja þriðja gistihúsið ásamt timbur verönd, mhl.14, sex til níu starfsmenn sem almennt hafa ekki fastar vinnustöðvar, gistileyfi fyrir minna gistiheimili í flokki II, tegund c. fyrir sex gesti í matshluta nr. 13, 14 og 15, innan reits nr. U51 á lóð L108942 við Gufunes.
Stækkun er: 259,0 ferm., 996,4 rúmm.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 13. desember 2021, umboð eiganda Skemmtigarðsins ehf. dags. 13. desember 2021 og afrit umsagnar vegna rekstrarleyfis dags. 10. nóvember 2021.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 13. febrúar 2022, afrit leyfisbréfs rekstrarleyfis dags. 23. september 2016, afrit afnotasamnings dags. 14. mars 2018 og samantekt á raunástandi dags. 11. janúar 2022.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. febrúar 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. febrúar 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 7. febrúar 2022.

Erindi fylgir bréf hönnuðar vegna umsagna og yfirlit lagfæringa dags. 28. mars 2022.

Gjald kr.12.100

Frestað.

Vísað til athugasemda.

20. Gylfaflöt 5 (25.751.03) 179187 Mál nr.
BN060774

611119-0970 Mistur ehf., Fannafold 6, 112 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta notkun rýmis 0104 úr skrifstofu í vefheildverslun með lageraðstöðu í húsi á lóð nr. 5 við Gylfaflöt.

Samþykki eiganda dags. 23. mars. 2022 fylgir.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.

21. Hallgerðargata 10 (13.496.01) 225436 Mál nr.
BN060732

671106-0750 Þingvangur ehf., Smiðsbúð 7, 210 Garðabær

Sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða, þriggja íbúða raðhús úr timbri sem verður mhl. 04, hús nr. 18 á lóð nr. 10 við Hallgerðargötu.

Stærð, A-rými: 435,1 ferm., 1.448,5 rúmm.

B-rými: 16,2 ferm.

Samtals: 451,3 ferm.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Lagfæra skráningu.

22. Hallgerðargata 13 (13.495.01) 225433 Mál nr.
BN060724

551214-0600 105 Miðborg slhf., Hagasmára 3, 201 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055918 þannig að geymslurými 0001 er skipt í 6 geymslur, tæknirými og ganga, geymslur 0003 og 0004 verða að einni geymslu, 0003, og gert tæknirými í rými 0020 auk annarra innri breytingar í kjallara húss á lóð nr. 13 við Hallgerðargötu.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

23. Hellusund 6A (11.852.14) 102168 Mál nr.
BN060793

471107-0850 Þingholt ehf., Hellusundi 6, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta notkun úr íbúðarhúsi í skrifstofuhúsnæði, byggja tengigang við norður lóðarmörk ásamt tilheyrandi breytingum á innra skipulagi og útlitsbreytingum því til samræmis í húsi á lóð nr. 6A við Hellusund.

Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.

Gjald kr.12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

24. Hlíðarendi 6-10 (16.288.01) 106642 Mál nr. BN060779
670269-2569 Knattspyrnufélagið Valur, Laufásvegi Hlíðarenda, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir nýju rafmagnsherbergi, rými 0001, í íþróttahúsi Vals á lóð nr. 6-10 við Hlíðarenda.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 18. mars 2022.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
25. Hólmgarður 24 (18.183.02) 108213 Mál nr. BN060788
470115-1140 Hækkun ehf., Klettási 19, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN050902 þannig að fallið er frá viðbyggingu á 1. og 2. hæð til suðurs og þess í stað komið fyrir svölum framan við kvist rishæðar og breyta innra skipulagi íbúðar 0201 í íbúðarhúsi á lóð nr. 24 við Hólmgarð.
Stækkun: 58.0 ferm., 106.0 rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á A3 afriti af teikningum samþykktum 26. júlí 2016.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
26. Hvammsgerði 13 (18.025.07) 107713 Mál nr. BN060532
Snorri Örn Clausen, Hvammsgerði 13, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja hæð úr timbri ofaná, breyta innra skipulagi, klæða að utan með liggjandi báruáli og fjarlægja sólstofu við einbýlishús á lóð nr. 13 við Hvammsgerði.
Stækkun: 77 ferm.
Eftir stækkun, A-rými: 190,9 ferm., 581,8 rúmm.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. mars 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. mars 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 14. mars 2022.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.
27. Hverfisgata 100 (11.741.03) 101581 Mál nr. BN060440
520321-1360 Hverfisgata 100 ehf., Dugguvogi 42, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja ofan á hús og innrétt 12 íbúðir á fjórum hæðum og geymslu á einni hæð með þaksvölum á baklóð við hús á lóð nr. 100 við Hverfisgötu.
Eftir stækkun, mhl. 01, 779,6 ferm., 2.322,5 rúmm. Mhl. 02, 57,4 ferm., 171,6 rúmm.
Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 11. janúar 2022 og greinargerð um hljóðvist dags. 10. febrúar 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. mars 2022 fylgir erindi. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. mars 2022.
Erindi fylgir afrit umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 29. janúar 2021, afrit af deiliskipulagsuppdætti dags. 16. september 2021, óundirritað hæðarblað dags. mars 2022, afrit bréfs landupplýsingadeildar dags. 11. mars 2022 og breyttur lóðaruppdráttur dags. 1. mars 2022 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 24. mars 2022.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.

28. Höfðabakki 1 (40.700.01) 110677 Mál nr.
BN060738
690321-1220 JB Eignir ehf., Gylfaflöt 17, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi á 1. hæð, þannig að stigahús er gert að sér rými og eignum fjölgað á 2. hæð með því að breyta skrifstofurými 0201 í fjórar íbúðir í verslunar- og skrifstofuhúsnæði, mhl. 02 á lóð nr. 1 við Höfðabakka.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
29. Klapparstígur 16 (11.515.05) 101010 Mál nr.
BN059064
600902-3180 Silfurberg ehf., Suðurgötu 22, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja tvo kvisti austanmegin og tvo kvisti og svalir vestanmegin á rishæð húss á lóð nr. 16 við Klapparstíg.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. apríl 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 19. apríl 2021.
Stækkun: 7,1 ferm., 37,1 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
30. Korngarðar 3 (13.232.01) 223775 Mál nr.
BN060716
600794-2059 Dalsnes ehf., Korngörðum 3, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053122, breytingar á innra skipulagi, þ.e. vinnslurými fært til innan millipalls á 3.hæð, komið fyrir forvinnslu til afþökkunar, byggðir upp léttir veggir við forvinnslu og fallið frá flóttaleið á millipalli 2.hæðar í húsi á lóð nr. 3 við Kornagarða.
Stærð - heild: 15.558,8 ferm., 247.633,8 rúmm.
Stækkun - frá síðustu töflu: +313,3 ferm., 0,0 rúmm.,
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttar, útgefnir þann 7. desember 2021.
Gjald kr.12.600
Samþykkt.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
31. Kuggavogur 26 (14.523.03) 105612 Mál nr.
BN060617
500517-2550 JT Verk ehf., Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057990 þannig að fyrirkomulagi er breytt í bílakjallara og bætt við einu stæði og hætt er við viðarklæðningu á hluta útveggja fjölbýlishúss á lóð nr. 26 við Kuggavog.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Lagfæra skráningu.
32. Lambhagavegur 5 (26.473.03) 211676 Mál nr.
BN060791
641108-0490 Xyzeta ehf., Ármúla 18, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054328 vegna lokaúttektar þannig að brunalýsingu er breytt, annað af tveimur útljósum fyrir rými 0103 og 0104 er fjarlæggt auk þess sem innra skipulagi er breytt í rýmum 0203 og 0201 í húsi á lóð nr. 5 við Lambhagaveg.
Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits. Lagfæra skráningu.

33. Laugavegur 105 (12.400.05) 102974 Mál nr. BN060167
- 540621-1870 Hlemmur ehf., Fjallalind 102, 105 Reykjavík
510497-2799 Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík
